

---

## Laxárvirkjun III í Þingeyjarsveit, breytingar á inntaki og stíflu

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### Inngangur

Þann 5. apríl 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsvirkjun um fyrirhugaða breytingu á inntaki og stíflu Laxárvirkjunar III í Þingeyjarsveit samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Þingeyjarsveitar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Ráðgjafi framkvæmdaraðila er Verkís.

#### Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Breytingar á inntaki og stíflu Laxárvirkjunar III. Landsvirkjun, apríl 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Þingeyjarsveit með bréfi dags. 14. apríl 2016.
- Fiskistofu með bréfi dags. 22. apríl 2016.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 13. apríl 2016.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 11. apríl 2016.

#### Fyrirhuguð framkvæmd

Um er að ræða framkvæmd sem felur í sér breytingar á inntaki Laxárvirkjunar III sem og norðurhluta núverandi stíflumannvirkis ásamt nokkrum öðrum verkþáttum s.s. dýpkun inntakspolls, lagningu bráðabirgðavega og gerð varnargarða til bráðabirgða. Framkvæmdinni er ætlað að minnka rekstrarvandamál virkjunarinnar sökum ísmyndunar í ánni og aurburðar. Öll mannvirki, bæði tímabundin og varanleg, eru innan svæðis sem var raskað við byggingu Laxárvirkjunar I og III.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir miði að því að fleyta ís sem berst að inntaki um nýtt ísfleytingaryfirfall og þaðan til baka í náttúrulegan farveg árinna um frárennslisrennu en meðallengd steypst hluta hennar verði um 30 m og breidd á bilinu 3,5 m – 13 m. Steypt verði nýtt inntak sem verði um 30 m að lengd að meðaltali og að lágmarki um 10 m á breidd. Yfirfallið haldi inntakspoli við stíflu íslausum svo aur/sandur geti óhindrað sest til í tveimur setgryfjum sem gerðar verði. Fram kemur að fyrri setgryfjan verði staðsett þannig að hún nái aðeins inn í inntakspollinn en sé annars að mestu beint undir ísfleytingaryfirfallinu, í mynni inntaksins og sé gryfjunni ætlað að fanga botnskrið og grófara efni sem berst að inntakinu og verði komið fyrir sandskolunarbúnaði í henni.

Seinni setgryfjan, sem verði 20 m löng og 10 m breið, verði staðsett nokkru innar í inntakinu og nái upp að núverandi ristarstæði inni í inntakshellinum og verði þar einnig komið fyrir sandskolunarbúnaði. Efni sem til falli vegna setgryfjanna sé áætlað um 1700 m<sup>3</sup>. Fram kemur að eftir fyrirhugaðar framkvæmdir verði aurnum/sandinum og grjótinu í setgryfjunum skolað reglulega um pípukerfi í núverandi frárennslisskurði aftan við gamla inntak Laxár I og berist sandurinn þaðan áfram með vatninu niður í inntakspoll Laxár II, eins og við núverandi aðstæður. Fram kemur að



Samhliða þessum framkvæmdum verði núverandi stíflumannvirki, sem séu um 100 m að lengd, hækkuð sem nemi 1,5 m á um 20 m kafla. Loftmegin við nýju mannvirkin, þ.e.a.s. á milli nýju og gömlu sem og á milli nýju og gljúfurveggjar, verði gerð um 3000 m<sup>3</sup> jarðvegsfylling. Samhliða framkvæmdunum verði jafnframt núverandi aðrennslisgöng hreinsuð af lausu efni sem borist hafi þangað inn og sest til.

Fram kemur að í upphafi framkvæmda þurfi að leggja um 250 m langa vinnuvegi til að komast að vinnusvæðinu og sé efnispörf áætluð um 3000 m<sup>3</sup> og komi annað hvort úr námu í Brúargerði eða úr námu í landi Miðhvamms. Að verki loknu verði vinnuvegirnir fjarlægðir. Þá kemur fram að í upphafi verks þurfi að reisa tvær varnarstíflur í inntakspollinum. Fram kemur stíflunum sé ætlað að halda vinnusvæðinu þurru á verktíma og verði þær báðar fjarlægðar að framkvæmdum loknum í síðasta lagi um miðjan nóvember.

Fram kemur að áætluð efnispörf úr námum vegna vinnuvega, varnarstífla og jarðvegsfyllingar sé á bilinu 4300 - 7500 m<sup>3</sup> og efni sem skilað verði í námu í Presthvammi að verki loknu sé áætlað á bilinu 4000 – 5500 m<sup>3</sup>.

## Umhverfisáhrif

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Laxá sé vernduð með lögum nr. 97/2004. Í lögnum komi fram að breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna séu óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar. Fyrirhuguð framkvæmd feli ekki í sér breytingu á vatnsborði árinna eða rennsli hennar og sé því innan lagarammans. Á rekstrartíma muni framkvæmdin ekki hafa teljandi áhrif á landslag, vatnafar, gróður, dýralíf, menningarminjar, landnotkun eða samfélag. Sjónræn áhrif verði óveruleg því framkvæmdir verði á svæði sem áður hafi verið raskað, bæði bakkar árinna sem og eyjan í inntakspollinum og verði gengið frá rasksvæðum í lok framkvæmda, m.a. verði bakkarnir græddir upp. Á framkvæmdatíma verði tímabundin áhrif vegna hávaða og umferðar en til að lágmarka áhrif á lífríki árinna verði þær kröfur gerðar til verktaka að hann gruggi ekki ána á tímabilinu frá 1. júní til 20. september, tímamörk sem ákveðin hafi verið í samráði við veiðfélög Laxár. Ennfremur verði verktaka gert að gæta ýtrustu varkárni við vinnu sína til að koma í veg fyrir að óæskileg efni, eins og eldsneyti og smurolúr, geti borist í ána. Verktaka sé skylt að fara eftir kröfum Landsvirkjunar í umhverfismálum og verði sú krafa samningsbundin.

Í umsögnum Þingeyjarsveitar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að það sem fram kemur í umsögn Veiðimálastofnunar, sem er fylgiskjal með gögnum Landsvirkjunar, um að það gæti verið til bóta fyrir lífríki árinna neðan Laxárvirkjana að dæla grjóti og möl áfram niður í farveginn, en slíkir efnisflutningar gætu skapað ný búsvæði á botni árinna.

Landsvirkjun hefur bent á í greinargerðinni að í skoðun sé að flytja grófefni í ána neðan virkjana til að reyna að bæta upp það efni sem ekki hafi náð að berast með náttúrulegum hætti niður fyrir virkjanirnar.

Í umsögn Fiskistofu er bent á mikilvægi þess að farið verði eftir þeim atriðum sem koma fram í ofangreindri umsögn Veiðimálastofnunar. Í þeirri umsögn kemur fram að ekki sé líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa afgerandi áhrif á fiskistofna árinna. Um sé að ræða afmarkað svæði sem sé á mörkum útbreiðslusvæðis staðbundinna fiska og göngufiska og áhrifin því líklega bundið við lítið svæði og takmarkaðan tíma. Í umsögninni er jafnframt bent á mikilvægi þess að Landsvirkjun geri sér grein fyrir að viðkvæmt lífríki er á svæðinu og því skipti máli að vatnsrennsli í



farvegi skerðist ekki á framkvæmdatíma, að grugga sem minnst vatnið, að hindra að olía eða önnur skaðleg efni leki úr vinnuvélum og tækjum í eða við ána, að framkvæmdasvæði í ánni verði takmarkað eins og kostur er, að gengið verði frá efni sem grafið verði upp úr árfarvegi svo að það gruggi ekki árvatnið og að ganga þannig frá framkvæmdastað að ekki verði nein hætta á að lífríki árinna og nærumhverfi skaðist, m.a. að gengið sé frá jarðvegssárum nálægt bökkum þannig að ekki skolist jarðvegur út í ána.

Landsvirkjun hefur brugðist við þessum ábendingum Veiðimálastofnunar, m.a. með gerð varnarstífla til þess að koma í veg fyrir að grugg berist í ána við framkvæmdir og þess gætt að stíflurnar verði komnar upp fyrir 1. júní og ekki hreyft við þeim þar til eftir 20. september, með kröfum á verktaka um að ástand vinnuvéla verði fullnægjandi, um vöktun og eftirlit hvað varðar hugsanlega mengun, með því að afmarka vinnusvæðið og með frágangi að framkvæmdum loknum, m.a. með uppgræðslu bakka sem raskast.

### Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Þingeyjarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012, leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiðar og leyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

### Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða breytingar á inntaki Laxárvirkjunar III sem og norðurhluta núverandi stíflumannvirkis ásamt nokkrum öðrum verkþáttum s.s. dýpkun inntakspolls, lagningu bráðabirgðavega og gerð varnargarða til bráðabirgða. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur að fyrirhugað framkvæmdasvæði er að stórum hluta manngert og hefur áður verið raskað þegar virkjunin var reist. Þá liggur fyrir að fyrirhugaðar framkvæmdir eru umfangslitlar og áhrifsvæði þeirra lítið og þær munu ekki hafa áhrif eða breyta vatnsborði árinna eða rennsli hennar. Framkvæmdirnar verða hins vegar innan svæðis sem nýtur verndar skv. sérlögum og viðkvæmt lífríki er á svæðinu og því mikilvægt að sérstök aðgát verði höfð.

Landsvirkjun hefur lagt áherslu á að fara eftir ábendingum Veiðimálastofnunar um hvernig standa þurfi að framkvæmdum og frágangi til þess að neikvæð áhrif á lífríki Laxár verði í lágmarki, m.a. aðgerðir sem koma eiga veg fyrir að grugg berist í ána fyrir utan inntakspollinn sjálfan. Ef þessari framkvæmdatilhögun verður fylgt þá tekur Skipulagsstofnun undir það sem fram kemur í umsögn Veiðimálastofnunar að ekki sé líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa neikvæð áhrif á fiskistofna árinna. Stofnunin telur að við leyfisveitingar Fiskistofu og Umhverfisstofnunar sé tekin afstaða til áforma Landsvirkjunar um þá tilhögun fyrirtækisins að flytja grófefni sem til fellur vegna fyrirhugaðra framkvæmda og koma því fyrir neðan virkjana þar sem slíkar aðgerðir gætu bætt búsvæði laxfiska á því svæði.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugaðar breytingar á inntaki og stíflumannvirkjum Laxárvirkjunar III séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 30. maí 2016.

Reykjavík, 27. apríl 2016

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson